

Að lifa og læra jafnrétti í jafnrétti eða misrétti?

INNGANGUR

Heftið um grunnþáttinn *Jafnrétti*, get ég skrifað grein um það, hugsaði ég þegar beiðnin um það barst frá ritstjóra *Uppeldis og menntunar*, aðrir eru meiri sérfræðingar en ég í jafnrétti, í kynjajafnrétti, jafnrétti vegna menningar, þjóðernis og fötlunar. Svo hugsaði ég, bíddu nú við, ég er háskólamenntaður kennari á Menntavísindasviði og veit töluvert í mínu fagi, en ég er einnig borgari í þessu þjóðfélagi og í stórfjölskyldu minni er samkynhneigður einstaklingur, annar með geðsjúkdóm, barn með Downsheilkenni, tvítýngt barn, eitt með ofvirkni og athyglisbrest og svo hef ég sem móðir og amma verið að ala upp og kljást við drengi. Það er sem sagt ekki nóg með að ég hafi nokkrar hugmyndir um hvað felst í jafnréttishugtakinu heldur lifi ég það sjálf, eins og við reyndar gerum flest daglega eingöngu með því að vera þau sem við erum.

Fordómar spretta af fáfræði og ég lagðist því áhugasöm yfir almennan kafla um grunnþættina sem er í aðalnámskrá allra skólastiga og heftið *Jafnrétti* eftir Kristínu Dýrfjörð, Þórð Kristinsson og Berglindi Rós Magnúsdóttur sem kom út í maí á þessu ári (blaðsíðutöl vísa til heftisins). Heftið er hluti af ritröð mennta- og menningarmálaráðuneytisins og Námsgagnastofnunar um grunnþættina.

HEFTIÐ UM JAFNRÉTTI, GRUNNÞÁTT Í MENNTUN Á ÖLLUM SKÓLASTIGUM

Í heftinu segir eftirfarandi um jafnrétti og jafnréttismenntun innan á kápunni:

Jafnrétti er hugtak sem nær til margra þátta eins og aldurs, búsetu, fötlunar, kyns, kynhneigðar, litarháttar, lífsskoðana, menningar, stéttar, trúarbragða, tungumáls, ætternis og þjóðernis. Markmið jafnréttismenntunar er að skapa tækifæri fyrir alla til að þroskast á eigin forsendum, rækta hæfileika sína og lifa ábyrgu lífi í frjálsum samfélagi í anda umburðarlyndis og jafnréttis. Jafnréttismenntun felur meðal annars í sér gagnrýna skoðun á viðteknum hugmyndum í samfélaginu og stofnunum þess í því

augnamiði að kenna börnum og ungmönnum að greina kringumstæður og fordóma sem geta leitt til mismununar og forréttinda. Í skólastarfi þurfa allir að eiga hlut að málum og taka höndum saman um að skapa samfélag jafnréttis og réttlætis. Leggja ber áherslu á að bæði stúlkur og drengir eigi sem jafnasta og víðtækasta möguleika. Hvergi í skólastarfi, hvorki í inntaki né starfsháttum, mega vera hindranir í vegi annars hvors kynsins.

Ef jafnrétti ríkti og ef jafnréttismenntun væri við lýði þá þyrfti ekki að setja texta sem þennan á áberandi stað. Einhvern tíma var sagt að bestu opinberu námskrárnar hefðu fæst orðin. Það væri merki um að ýmsum markmiðum væri þegar náð og gæfi einnig kennurum heilmikið sjálfræði við mótun skólanámskrár og þróun náms og kennslu. Vandebroek (2009) hefur fjallað töluvert um hugtakið *félagslegt réttlæti* (e. social justice) og hvað í því felst. Samkvæmt skilningi hans nær það til réttlætis sem tengist kynþætti, menningu, trú, kyngervi, fjölskyldugerð, stétt og félagslegum bakgrunni og námi án aðgreiningar. Skilningur Vandebroeks og þeirra sem komu að aðalnámskrám og heftinu um jafnrétti er því um margt sambærilegur. Það dugar ekki lengur að leggja eingöngu áherslu á „meðalbarnið“ (2009, bls. 165), segir Vandebroek; fjölbreytileikinn er kjörorð dagsins, og ég tek heils hugar undir það. Jafnrétti og félagslegt réttlæti fer því að flestu leyti saman. Ef við erum stuðningsmenn félagslegs réttlætis hljótum við að vera stuðningsmenn jafnréttis.

Í heftinu *Jafnrétti* er jafnréttishugtakið skilgreint í upphafi ritsins og fjallað um það í fyrsta kaflanum. Í sama kafla er fjallað um skóla margbreytileikans og ríkjandi hugmyndafræði um kyn, menningu og kynhneigð. Síðan er fjallað um meginflokka jafnréttis, eins og það er skilgreint í heftinu, í eftirfarandi köflum: 1) Kynjajafnrétti, 2) Menning, þjóðerni, tungumál, trúarbrögð, lífsskoðanir, 3) Fötlun, 4) Aldur og 5) Stétt og búseta. Að lokum er kafli um jafnrétti í skólum þar sem lögð er áhersla á að jafnrétti þurfi að vera samofið öllu skólastarfi.

Helsti kostur heftisins um jafnrétti er hversu vel höfundum tekst að búta viðfangsefnið niður án þess að missa sjónar á jafnrétti í heild eða samþættingu jafnréttis við aðra grunnþætti og almennt skólastarf, og er kaflinn í lokin árétting þess. Dæmin sem gefin eru um það hvernig hægt er að vinna með jafnrétti í hinum ýmsu myndum gefa kennurum á öllum skólastigum hugmyndir um leiðir og geta kveikt nýjar hugmyndir. Skilgreiningar á hugtökum, m.a. á því hvað er ríkjandi hugmyndafræði, þjóðhverfa, tvíhyggja, kynbundið ofbeldi, kynferðisleg áreitni og gerendahæfni, eru einnig mjög gagnlegar og geta auðveldað vinnu að jafnrétti frá leikskóla til háskóla. Um leið finnst mér þó vanta aðrar nauðsynlegar skilgreiningar, m.a. á hugtökunum staðalmynd, stéttlaust samfélag og fjölmenningsleg kennsla. Það skortir nokkuð á samræmi í köflum heftisins hvað þetta varðar og er fyrri hlutinn öllu nákvæmari en sá seinni. Það truflar mig einnig að ekki sé gerð grein fyrir því í upphafi kaflanna um hvað eigi að fjalla og af hverju.

Þrátt fyrir þetta sé ég mun fleiri kosti við heftið um jafnrétti en galla; það er fræðilega nokkuð vel undirbyggt og lesandinn finnur að það er skrifað af þekkingu á mál-efninu. Mér finnst því ástæða til að hvetja kennara til að nota heftið í öllu starfi og sný mér að því að fjalla um valda þætti er tengjast jafnréttismenntun. Spurningin sem lögð er til grundvallar er: Lifum við og lærum jafnrétti í jafnrétti eða misrétti?

KYNJAJAFNRÉTTI

Í heftinu (bls. 18) er greint frá nýlegri könnun á högum, líðan og lífsstíl norrænna ungmenna á aldrinum sextán til nítján ára og þar vakti athygli hversu afturhaldssöm viðhorf íslenskra unglunga eru til jafnréttis kynjanna. Þar kemur fram að fjórir af hverjum tíu íslenskum piltum telja að karlar eigi að ganga fyrir konum um störf. Nær helmingur íslensku drengjanna telur að konur eigi að vera heima með börnum þegar þau eru ung og 14% drengjanna eru fylgjandi því að konur vinni alls ekki úti. Samt sem áður telja 88% piltanna að jafnrétti eigi að ríkja milli kynjanna. Hvernig stendur á þessu, hvaðan koma þessar skoðanir á jafnrétti kynjanna? Og hvernig er hægt að skýra misræmið í afstöðu piltanna?

Samstarfskona mín spurði mig nýlega hver væri mín fyrsta minning tengd jafnrétti, eða misrétti, í tengslum við kyn mitt. Ég fór yfir æsku mína í huganum. Ég hoppaði úr rólunni út í sandkassa, ég gekk upprétt yfir slána, ég fór í slábolt, brennubolta, landa-parís, löggú og bófa og ratleik. Það gerðu strákarnir líka. Ég velti fyrir mér hvort ég væri haldin kynjablindu og hafnaði kynjamisrétti eða sæi það ekki þó það væri fyrir framan nefið á mér. Fyrsta raunverulega minningin mín var frá því að ég átti barn nítján ára gömul og var að lesa utan skóla síðasta bekk Menntaskólans á Akureyri og var heima með barnið þann vetur en maðurinn minn vann á skrifstofu. Hvorki mér né öðrum datt í hug að þetta ætti að vera öðruvísi. Þegar við síðan fluttum suður fór maðurinn minn í nám en ég var heima með barnið þar til það var orðið nægilega gamalt til að fara til dagmömmu og þá fór ég í nám. Þegar dagmamman síðan hætti skyndilega störfum stefndi allt í það að ég myndi hætta námi. Þarna fannst mér reyndar að hlutirnir ættu að vera öðruvísi. Ég barðist því þar til ég fékk dvöl, með góðra kvenna hjálp, fyrir barnið á dagheimili og hélt áfram námi.

Mér finnst eins og könnunin á viðhorfum íslensku unglingspiltanna gæti allt eins hafa verið gerð fyrir 40 árum. Niðurstöðurnar eiga vel við þá stöðu sem ég var í þá. Ef ég skil kynjablinduhugtakið rétt þá myndi ég segja að þeir íslensku ungu karlmenn sem hér um ræðir séu haldnir henni en ábyrgðin er ekki alfarið þeirra einna.

Starfið sem á sér stað í skólum landsins hefur áhrif á nám og velferð barna. Ef við tryðum því ekki værum við ekki kennarar. Í niðurstöðum rannsóknar Þórdísar Þórðardóttur (2012) í tveimur leikskólum í Reykjavík kom fram að leikskólabörnin hafa lært að velja sér uppáhaldsbarnaefni að mestu eftir upplifunum sínum af því að vera telpur eða drengir. Það ánægjulega við niðurstöðurnar var að sum börn efuðust um réttmæti staðalmynda kynjanna ef þeim voru sköpuð skilyrði til þess. Það sem dregur úr ánægjunni eru þær niðurstöður að leikskólakennararnir töldu sig stuðla að jafnrétti kynjanna með því að sýna einstaklingum, en ekki kyni þeirra, athygli og töldu kynjamun eðlislægan (Þórdís Þórðardóttir, 2012). Þórdís dregur því þá ályktun að það þurfi

að leggja metnað í að kynna nýjum kennaranemum grundvallarhugtök kynjafræða og skapa þeim þannig verkfæri til að greina kynjamismun í skólastarfi. Einnig að það þurfi að gefa starfandi kennurum kost á endurmenntunarnámskeiðum í kynjafræðum til þess að færa þeim verkfæri sem gerir þeim kleift að þróa aðferðir í

jafnréttisfræðslu og gera börnum kleift að efast um staðalmyndir. (Pórdís Þórðardóttir, 2012, bls. 12)

Og hvernig er staðan þegar kemur að menntun um kynjajafnrétti á Menntavísindasviði Háskóla Íslands? Í niðurstöðum rannsóknar Guðnýjar Guðbjörnsdóttur og Steinunnar Helgu Lárusdóttur (2012) segir að kennarar skilji hugtakið jafnrétti víðum skilningi en tilhneiging sé til að leiða hjá sér eða sýna andstöðu við kynjajafnrétti. Höfundar draga þá ályktun af niðurstöðunum „að áttak þurfi til að brúa bilið á milli kennaramenntunar, lagaákvæða og kynjafræðilegra rannsókna og skapa rými fyrir jafnréttisfræðslu í kennaranámi“ (bls. 1). Það virðist því enn mikið verk að vinna þegar jafnrétti kynja er annars vegar, bæði í skólum, kennaramenntun og samfélaginu öllu, og markmiðin því þörf hvað þann þátt varðar, og ekki einvörðungu þörf, það þarf stóráttak í þessum efnum.

MARGBREYTILEIKI OG EINELTI

Ég ætla að byrja umfjöllunina á persónulegri reynslusögu úr stórfjölskyldu minni. Við fórum öll í Munaðarnes í september sl. þar sem undirrituð hélt upp á stórafmæli sitt. Á laugardagskvöldinu var áætlað að syngja við undirspil afans á gítar svo amman fór í annríki sínu á netið og safnaði saman söngtextum úr hinum og þessum áttum. Áhersla var lögð á að finna texta barnalaga því yngstu kynslóðinni var ætlað að taka þátt í söngnum. Þessi dagskrárliður tókst með eindæmum vel, sá tvítýngdi kunnir ekki alla textana en spilaði á luftgítar af miklum móð, sá ofvirki steig á stökk og söng hátt, litli Downs-drengurinn notaði trommukjuðana sína ötullega og aðrir lögðu sitt af mörkum með ýmsum hætti. Eitt laganna á listanum var „Grænt, grænt, grænt er grasið út í haga“ þar sem lagt er upp úr að kenna börnum litina og að vera vinir, eða þannig var það þegar ég söng það í leikskólanum fyrir um 35 árum. Grænt fyrir vin minn litla Jón á Grund, gult fyrir vin minn litla Kínverjann, rautt fyrir vin minn litla indíánann o.s.frv. Þegar fjölskyldan hóf upp raust sína og var komin aðeins inn í lagið fóru að renna tvær grímur á mannskapinn, sumir þögnuðu og ég fékk að heyra það frá öðrum syni mínum: „Ertu að láta barnabörnin þín syngja rasistasöngva?“ Ég reyndi ekki einu sinni að afsaka valið, það hafði farið fram hugsunarlaust með gamla reynslu að leiðarljósi, reynslu sem hafði ekki verið krufin eða rýnt í með gagnrýnum hætti. Viðhorf geta breyst, athafnir manna geta breyst, ég geri ekki ráð fyrir að þetta lag sé sungið í leikskólum nú um stundir fremur en að sagan um *Tíu litla negrastráka* eða *Litla svarta Sambó* séu lesnar þar lengur. Á þessu tekur jafnréttisheftið mjög vel, m.a. með umfjölluninni um ríkjandi hugmyndafræði og orðræðu, sem getur og hefur breyst í átt til viðurkenningar og jafnréttis.

Eitt virðist þó ekki geta breyst nægilega hratt þrátt fyrir Olweusaráætlanir og aukna umræðu í samfélaginu, en það eins og það sé í lagi að leggja ákveðna einstaklinga og hópa í einelti í íslensku samfélagi. Við höfum séð það á síðum dagblaðanna undanfarið m.a., að hæsta hlutfall þeirra sem eru bæði þolendur og gerendur í einelti séu asísk börn, og að erlend börn standi almennt verr að vígi í samskiptum félaga og eigi erfitt með að eignast íslenska vini (Elimar Hauksson, 2013). Við sjáum að karlmaður sem

var í kynleiðréttingarferli hafi verið niðurlægður (Erla Björg Gunnarsdóttir, 2013) og í nýútkominni skýrslu kemur fram að lögreglukonur verði fyrir kynferðislegu áreitni og einelti á vinnustað sínum (31% orðið fyrir kynferðislegri áreitni, 2013).

Hvað er að okkur, af hverju getum við ekki hagað okkur almennilega? Það er svo auðvelt að spyrja þessarar spurningar en svo erfitt að koma á breytingum. Í fyrirlestri sem ég hlustaði á Ólaf Pál Jónsson heimspeking halda í vikunni þegar ég skrifaði greinina fannst honum, líkt og mér, þjóðfélagið breytast fremur hægt í átt til jafnréttis. Sum sjónarmið og athafnir séu sjálfsagðar á meðan réttlæta þurfi aðrar. Og hann spyr m.a.:

Af hverju þarf að réttlæta það sérstaklega að fjalla um íþróttir kvenna í sjónvarpi en það þykir sjálfsagt að fjalla um íþróttir karla? Af hverju þarf að réttlæta það sérstaklega að almennir skólar séu fyrir fötluð börn en ekki bara fyrir börn sem við köllum „venjuleg“. (Ólafur Páll Jónsson, 2013, bls. 3)

Með einelti er þessu öfugt farið. Hver réttlætir einelti? Við keppumst öll við að segja að við stuðlum að því gagnstæða, ekki síst í skólakerfinu og gott starf fer svo sannarlega fram í mörgum skólum. Hvers vegna fáum við þá enn að heyra svo margar sögur af slæmu einelti? Í viðtali við Vöndu Sigurgeirsdóttur, lektor á Menntavísindasviði, (Vanda Sigurgeirsdóttir, 2013) kemur fram að við höfum náð ákveðnum árangri en það þurfi að gera betur því þetta sé meinsemd sem valdi miklum sársauka. Það þurfi m.a. að vekja athygli á fyrirmyndarstarfi kennara, fá sjónarhorn barnanna og fjalla um það hvernig eigi að tala við foreldra gerenda. Vanda vill byrja að taka á einelti í leikskólum sem ég tel mjög metnaðarfullt og brýnt því umræða um einelti þar hefur ekki verið mikið uppi á borðinu. Það þarf samstillt þjóðfélagslegt átak í þessum efnum, eins og reyndar í svo mörgu öðru, en þetta er eitt af forgangsmálunum.

BARNASÁTTMÁLI SAMEINUÐU ÞJÓÐANNA

Á ári barnsins 1979 var samþykkt að hefja undirbúning að sérstökum samningi um réttindi barnsins á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Það tók tíu ár að fullgera texta samningsins og var hann samþykktur á Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna 1989, undirritaður fyrir Íslands hönd 26. janúar 1990 og fullgiltur hér á landi árið 1992 (Davíð Þór Björgvinsson, 1995). Hann var síðan lögfestur á Íslandi 20. febrúar 2013 (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.). *Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi barnsins* varðar allt í senn pólitísk, lagaleg, félagsleg, efnahagsleg og menningarleg réttindi barna. Samkvæmt samningnum teljast allir einstaklingar undir átján ára aldri börn, velferð þeirra er sett ofar öllu þegar fjallað er um málefni þeirra, þau hafa rétt til að tjá skoðanir sínar og yfirvöldum er skylt að taka tillit til þeirra. Jafnframt ber að vernda börn gegn hvers konar fordómum er varða kynferði, þjóðerni, litarhátt, trú og stjórnmálaskoðanir (Davíð Þór Björgvinsson, 1995). Að þessu leyti tengist Barnasáttmálinn vel þeirri skilgreiningu sem lögð er til grundvallar í jafnréttisheftinu svo og skilgreiningunni sem áður er nefnd á félagslegu réttlæti. Það sem vekur umhugsun er hversu langt er síðan þetta ferli hófst og hversu fyrirferðarlíttill Barnasáttmálinn hefur

verið í umræðu í íslensku þjóðfélagi og menntakerfi í gegnum tíðina þó svo athygli manna hafi aukist til muna á samningnum í seinni tíð. Um það bera m.a. grunnþættirnir í aðalnámskránum vitni.

Fram kemur í viðtali við Guðna Olgeirsson, sérfræðing hjá mennta- og menningarmálaráðuneytinu, að barnaréttarnefnd Sameinuðu þjóðanna hafi komið með athugasemdir um stöðu innflytjendabarna, brotthvarf þeirra úr framhaldsskólum og stöðu fatlaðra nemenda og nemenda með sérþarfir, ennfremur benti hann á að samhæft átak þurfi gegn einelti (Hjördís Eva Þórðardóttir og Guðni Olgeirsson, 2013). Ástæða er til að benda á kennsluhugmyndir á vef um Barnasáttmálann (Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna, e.d.) og ánægjulegt er að vekja athygli á að leikskólinn Álfaheiði fékk nýlega jafnréttisverðlaun jafnréttis- og mannréttindaráðs Kópavogsbæjar, m.a. fyrir vinnu leikskólans með Barnasáttmálann.

LÆRDÓMSMENNING OG SAMÞÆTTING JAFNRÉTTISMENNTUNAR Í ÖLLU SKÓLASTARFI

Í jafnréttisheftinu kemur fram að stefnan um skóla margbreytileikans eða skóla án aðgreiningar hafi sprottið upp sem andsvar við útilokun fatlaðra barna í hinu almenna skólakerfi en beinist nú gegn hvers kyns útilokun, þar er margbreytileika fagnað og einsleitni hafnað (bls. 8). Til að þróa skóla margbreytileikans liggur beinast við að nota hugmyndir um árangursríkt lærdómdómssamfélag (sjá m.a. Stoll og Louis, 2005). Þar er þróuð lærdómsmenning; samfélagsþegnar, börn og fullorðnir, þar með taldir foreldrar, hafa komið sér saman um gildi og framtíðarsýn og réttindi og sjónarmið barna eru virt. Þar eru grunnþættirnir hafðir að leiðarljósi og sérstaklega hugað að jafnrétti á öllum sviðum skólastarfsins. Þar spretta upp hugmyndir um þróunarverkefni og starfendarannsóknir tengdar jafnrétti, gögnum er safnað og rýnt til gagns, þar fara fram styðjandi og ögrandi umræður og óvænt atvik eru krufin. Það sem á sér stað í samskiptum kennara og barna er greint með jafnréttisgleraugum og spurt: Hvaða viðhorfum erum við að miðla, hvers konar kennsla, starf og nám á sér stað?

Tilgangur minn með þessari grein var að meta hvort við lifum og lærum jafnrétti í jafnrétti eða misrétti. Við gerum hvort tveggja en enn hallar of mikið á misréttishliðina. Það þarf ekki að breyta öllum heiminum í einu, það er hægt að byrja smátt því þó við einbeitum okkur aðeins að einum þætti í skólastarfinu þá hefur það áhrif á það allt.

HEIMILDIR

- 31% orðið fyrir kynferðislegri áreitni . (2013, 16. október). RÚV. Sótt 2013 af <http://www.ruv.is/frett/31-ordid-fyrir-kynferdislegri-areitni>
Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna. (e.d.). Sótt af <http://www.barnasattmali.is/>
Davíð Þór Björgvinsson. (1995). *Barnaréttur*. Reykjavík: Orator.

- Elimar Hauksson. (2013, 16. október). Börn af erlendum uppruna líklegri fórnarlömb eineltis. *Vísir*. Sótt 20. október 2013 af <http://visir.is/born-af-erlendum-uppruna-liklegri-fornarlomb-eineltis/article/2013710169971>
- Erla Björg Gunnarsdóttir. (2013, 19. október). Horst Gorda mátti þola niðurlægingu. *Vísir*. Sótt. október 2013 af <http://visir.is/horst-gorda-matti-thola-nidurlaegingu/article/2013710199935>
- Guðný Guðbjörnsdóttir og Steinunn Helga Lárusdóttir. (2012). „Potulið“ og „setulið“: Kynjajafnrétti í kennaramenntun. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/006.pdf>
- Hjördís Eva Þórðardóttir og Guðni Olgeirsson. (2013, 18. september). Barnasáttmálinn – fyrir öll börn. [Viðtal eftir Leif Hauksson]. *RÚV, Sjónmál*. Sótt af <http://www.ruv.is/innlent/barnasattmalinn-fyrir-oll-born>
- Ólafur Páll Jónsson. (2013, 18. október). *Jafnrétti, sjálfsvirðing og hugmyndafræði*. Fyrirlestur á jafnréttisdögum HÍ. Sótt af <http://uni.hi.is/opj/files/2013/10/OPJ-RIKK-Sjalfsvirðing-og-hugmyndafrædi-okt2013-g3.pdf>
- Stoll, L. og Louis, K. S. (2007). Professional learning communities: Elaborating new approaches. Í L. Stoll og K. S. Louis (ritstjórar), *Professional learning communities: Divergence, depth and dilemmas* (bls. 1–13). Maidenhead: Open University Press.
- Vanda Sigurgeirsdóttir. (2013, 17. október). Það þarf að byrja í leikskólunum. [Viðtal eftir Leif Hauksson]. *RÚV, Sjónmál*. Sótt af <http://www.ruv.is/mannlif/thad-tharf-ad-byrja-i-leikskolonum>
- Vandenbroeck, M. (2009). Let us disagree. *European Early Childhood Education Research Journal*, 17(2), 165–170.
- Þórdís Þórðardóttir. (2012). Að læra til telpu og drengs: Kynjaðir lærdómar í leikskóla. *Ráðstefnurit Netlu – Menntakvika 2012*. Sótt af <http://netla.hi.is/menntakvika2012/016.pdf>

UM HÖFUNDINN

Arna H. Jónsdóttir (arnahj@hi.is) er lektor við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hún lauk námi frá Fósturskóla Íslands árið 1977, meistaraþrófi frá Kennaraháskóla Íslands árið 1999 og doktorsþrófi frá Institute of Education, University of London, árið 2012. Rannsóknir hennar eru einkum um fagmennsku og forystu leikskólakennara.